

AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við
sameiningu Eyrarbakkahepps, Sandvíkurhepps,
Selfossbæjar og Stokkseyrarhepps.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 187/1998, skal vera Sveitarfélagið Árborg.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. desember 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi Setbergsholts, suður-axlar,
vegna Lindarbergs 42-48, Hafnarfirði.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 17. febrúar 1998 breytingu á deiliskipulagi Setbergsholts, suður-axlar, vegna Lindarbergs 42-48.

Breytingin felst í, að fjórum einbýlishúsalóðum er breytt í tvær parhúsalóðir

Tillagan var kynnt fyrir nágrönnum, samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, 10. desember 1998.

Magnús Gunnarsson.

STARFSREGLUR

um kirkjuþing.

Kjör til kirkjuþings.

Kosningarréttur og kjörgengi. Tilnefningar.

1. gr.

Sóknarnefndarmenn í 1., 2. og 3. kjördæmi, hverju fyrir sig skulu kjósa úr sínum hópi tvo kirkjuþingsmenn og tvo til vara fyrir hvorn þeirra. Sóknarnefndarmenn í 4. og 9. kjördæmi hvoru fyrir sig kjósa úr sínum hópi einn kirkjuþingsmann og tvo til vara.